



Norðausturvegur (85-02) í Þingeyjarsveit Um Skjálfafljót í Kinn

Svör Vegagerðarinnar við athugasemdum og umsögnum við matsáætlun

Vegagerðin
Desember 2024

Efnisyfirlit

1 Formáli.....	3
2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim	4
2.1 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.....	4
2.2 Fiskistofa.....	4
2.3 Umhverfisstofnun.....	4
2.4 Náttúrufræðistofnun Íslands.....	7

1 Formáli


Vegagerðinni hafa borist 8 umsagnir vegna matsáætlunar Norðausturvegar (85-02) um Skjálfandafliót í Kinn. Þær eru frá:

1. Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, dagsett 24.10.2024
2. Þingeyjarsveit, dagsett 29.10.2024
3. Hafrannsóknastofnun, dagsett 04.11.2024
4. Minjastofnun Íslands, dagsett 06.11.2024
5. Fiskistofu, dagsett 06.11.2024
6. Umhverfisstofnun, dagsett 07.11.2024
7. Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 11.11. 2024
8. Landi og skógi, dagsett 13.11.2024

Umsagnir Þingeyjarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Lands og skógar krefjast ekki viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Fiskistofu, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

Í eftirfarandi umfjöllun eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaraðila, og svör framkvæmdaraðila við þeim.



2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila við þeim

2.1 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

HNE bendir á mikilvægi þess að gera kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og önnur tæki séu í góðu lagi, og ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annara aðila sem til þess eru færir.

Svar Vegagerðarinnar:

Í útboðsgögnum framkvæmdarinnar verður gerð grein fyrir kröfum sem verktaki og vinnuvélar í hans umsjá þurfa að uppfylla á framkvæmdatíma. Vinnueftirlitið eða annar óháður aðili verður fengin til að ástandskoða vinnuvélar á framkvæmdasvæði.

Einnig verður gerð sú krafa til verktaka um að útbúa sérstakt **áfyllingarsvæði á landi** þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg, vatnsfarveg eða önnur vatnshlot á svæðinu, komi til óhappa. Nota þarf **vatnspétta dúka** undir áfyllingarsvæði og þar sem geymd verða hættuleg efni.

2.2 Fiskistofa

Í umsögn Fiskistofu kemur eftirfarandi fram í kafla (skáletraður texti):

Fiskistofa telur nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með sérstakri umfjöllun og áherslu á möguleg áhrif framkvæmdanna á lífríki í vatni, vatnsgæði og aðstöðu til veiði.

Svar Vegagerðarinnar

Framkvæmdin hefur verið ákvörðuð matsskyld og í umhverfismatsskýrslu mun verða fjallað um umhverfisþættina lífríki í vatni og vatnsgæði, auk aðstöðu til veiði.

2.3 Umhverfisstofnun

Umsögn Umhverfisstofnunar er skipt upp í sex hluta. Í þeim kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

- Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fjallað sé jafnítarlega um umhverfisáhrif bæði veglínu A og B í umhverfismatinu. Stofnunin bendir einnig á að í kafla 5.13 (Fyrirliggjandi gögn) ætti að nefna Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.*

1. Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin þakkar ábendingu Umhverfisstofnunar varðandi fyrirbyggjandi gögn.

Varðandi valkosti umhverfismatsins er það ein að forsendum þess að fjallað sé jafnt um framlagða kosti.

2. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatinu verði umhverfisáhrif af efnistöku metin, sérstaklega áhrif fyrirhugaðrar efnistöku úr ám.

2. Svar Vegagerðarinnar: Umhverfisáhrif efnistöku framkvæmdarinnar verða metin.

3. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043 er enn í vinnslu en það þarf að vera tryggt að landnotkun, þ.m.t. efnistökusvæði, samræmist gildandi skipulagi á framkvæmdatíma.

3. Svar Vegagerðarinnar: Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir mun Vegagerðin sækja um framkvæmdaleyfi til Þingeyjarsveitar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef gera þarf breytingu á aðalskipulagi í samræmi við þann valkost sem valinn verður, er afgreiðsla þess í höndum sveitarfélagsins.

4. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé ítarlega um gervigígana í umhverfismatinu og þeir kortlagðir og staðsettir nánar og fram komi hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig hvetur stofnunin til þess að aðrar leiðir verði skoðaðar varðandi veglagningu í gegnum hraunið sem myndu ekki fela í sér rask eða draga úr raski á gervigígum. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á gervigígum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

4. Svar Vegagerðarinnar: Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað ítarlega um gervigígana, þeir kortlagðir og fjallað um þær leiðir sem gripið verður til, til að forðast rask þeirra. Aðrir kostir hafa verið skoðaðir og verða þeir kynntir í umhverfismatsskýrslu.

5. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um mikilvægi votlendis í umhverfismatinu. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu...Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sér að endurheimt votlendis sem hluta af mótvægisaðgerðum en bendir á mikilvægi þess að það komi fram í umhverfismati hvaða svæði muni verða fyrir valinu til endurheimtar.

5. Svar Vegagerðarinnar: Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um votlendi og þar verða bornir saman valkostir veglína - meðal annars með tilliti til votlendis.

Endurheimt votlendis í stað þess sem raskast verður í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra Endurheimtar votlendis og vöktunar votlendisvistkerfa hjá Landi og skógum. Vegagerðin mun hefja samráðsferlið þegar nær dregur framkvæmdatíma og fyrir liggur hvaða veglína verður fyrir valinu. Stefnt er að endurheimt votlendis sem næst framkvæmdasvæðinu.

6. *Setja þarf áhrif á lífríki vatnshlotana í tengslum við framkvæmdina í samhengi við vistfræðilegt ástand þeirra og umhverfismarkmið...Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vatnshlotanúmer allra vatnshlotanna komi fram í umhverfismatinu...Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fjallað sé um umhverfismarkmið allra vatnshlotana í umhverfismatinu þar sem umhverfismarkmið vatnshlota er lagalega bindandi og þau þarf að uppfylla...Framkvæmdaaðili þarf að meta hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan framkvæmdasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau...Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þá gæðapætti sem notaðir eru til grundvallar mat á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda...Meta þarf umhverfisáhrif efnistökkunnar og skoða hvort efnistakan geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Jafnframt telur stofnunin að skoða ætti aðra valkosti sem fela ekki í sér efnistöku úr straumvatni.*

Gera þarf mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin sem innifelur m.a.

- *Vatnshlotin sem um ræðir (nafn og númer), ástand þeirra, núverandi álag og umhverfismarkmið.*
- *Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðapætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin. Athuga skal að ekki er alltaf nauðsynlegt að gera ítarlegt mat á áhrifum á alla gæðapætti. Í sumum tilvikum eiga ákveðnir gæðapættir ekki við en þá þarf að færa rök fyrir því. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Hafa þarf í huga bæði bein og óbein áhrif. Jafnframt þarf að gera nánar grein fyrir áhrifum af völdum gruggmyndunar á líffræðilega gæðapætti, t.d. hryggleysingja og fiska.*
- *Um fjöllum um hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið munu ekki nást vegna framkvæmdanna.*
- *Um fjöllum um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (ef þörf er á).*
- *Um fjöllum um aðra starfsemi eða framkvæmdir sem hafa áhrif á sömu vatnshlot (ef við á)*

- 7. Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin þakkar ábendingar Umhverfisstofnunar. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á vatnshlot í samræmi við ábendingar Umhverfisstofnunar og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

2.4 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram (skáletraður texti):

Náttúrufræðistofnunar bendir á að mikilvægt sé að gera sambærilega úttekt á vistgerðum fyrir veglínu B þannig að hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar á náttúrufar út frá báðum valkostum sem settir eru fram.

Við fyrirhugaða veglagningu verður óhjákvæmilega rask á nútímahrauni og gervígum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Gervíggar eru fágætar jarðmyndanir sem hafa alþjóðlegt mikilvægi. Því ber að forðast rask á gervígum innan framkvæmdasvæðisins, eins og hægt er, og sérstaklega ef um eru að ræða heillega gervígga.

Svar Vegagerðarinnar: Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þegar gert úttekt á **veglínu B**, sem bætt var við vegna matsskyldu framkvæmdarinnar. Stofnunin vinnur nú að niðurstöðum þeirrar úttektar sem gert er ráð fyrir að liggja fyrir um áramótin 2024/2025.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað ítarlega um gervígana, þeir kortlagðir og fjallað um þær leiðir sem gripið verður til, til að forðast rask þeirra. Aðrir kostir hafa verið skoðaðir og verða þeir kynntir í umhverfismatsskýrslu.